



## Fundargerð nr. 09

### Umhverfis og samgöngunefnd Flóahrepps

**Fundarstaður:** Pingborg  
**Fundardagur:** 22/5 2025  
**Fundartími:** 20:00  
**Fundarmenn:** Jakob Nielsen Kristjánsson, formaður  
Helena Hólm  
Helgi Sigurðsson  
Halla Kjartansdóttir  
Svanhvít Hermansdóttir

*Jakob stýrði fundi. Svanhvít ritaði fundargerð.*

#### 1. Stóri Plokkdagurinn apríl í Flóahreppi.

Engar myndir bárust í myndakeppnina. Skoða þarf fyrir næsta ár hvort ástæða sé til að breyta framkvæmd.

#### 2. Umhverfisverðlaun.

Vilji nefndar stendur til að breyta úthlutunarreglum frá 16. apríl 2009.

- a) Áfram verði horft til snyrtilegrar umgengni fallegra mannvirkja og/eða athyglisverðra aðgerða á sviði umhverfismála.
- b) Til framtíðar verði um farandgripi að ræða. Að tvenn verðlaun verði veitt annað hvert ár, í fyrsta sinn 2025 eitt til lögbýlis eða íbúðarhúss og annað til fyrirtækis. Þannig að hver gripur sé í vörslu viðkomandi aðila í fjögur ár.

Til þess að kerfið virki þyrfti að fjarlægja öll gömul skilti. Fyrst voru veitt verðlaun 2007 svo nokkur fjöldi skilta er í umferð sem rýrir gildi umhverfisverðlaunanna.

Nefndin leggur til að útliti skilta verði breytt. Þau verði án ártals, enda um farandgrip að ræða.

#### 3. Hreinsunardagar í maí.

Til umræðu er að hafa opið einn laugardag í mánuði. Nefndin styður það heilshugar.

#### 4. Samgöngumál.

Nefndin tekur undir þær hugmyndir sem reifaðar eru.

Enn fremur leggur nefndin áherslu á að sett verði upp lýsing á gatnamótum Villingaholtsvegur/Þjóðvegur nr.1.

*Fundargerð rituð af Svanhvíti Hermansdóttur*